

Fundur 10.2.11

Mættir: Axel, Selma, Guðni, Sigurður, Sigrún skólastjóri, Kristín Andrea, Sólveig, Særún, Karen Jenný, Hildur Kristín

Ábending um að fá foreldra til að hjálpa til við að setja inn á heimasíðu skólans. Stungið upp á að fá foreldra á kennarfund til að fá hugmyndir frá þeim.

Fyrirspurn um hvort hægt sé að nálgast upplýsingar um viðtalstíma hjá kennurum.

Sigrún skólastjóri

Höldum fjórum bekkjum í árgangi. Því skipulagi verður ekki breytt. Hugsanlega breytt í þrjá bekki í unglingadeild þar sem töluverð fækkun verður þar, sú ósk kemur þá frá skólanum. Sundið verður tekið út til að halda námsáætlun og sett í námskeiðsform seinna á önnina. Spáð skólanum fjórum bekkjum, á fyrsta ári, á næsta ári. Stefnt að því að hafa aukamannskap inn í bekkjunum

Hægt er að fá flutning á krökkum milli bekkja, ef sú ósk kemur frá foreldrum.

Þegar nemendur verða 30 í bekk þá er úthlutað öðrum bekk

Niðurskurður fyrir kennsluárið 2011-2012

Aukakennslutímar: 105 tímum úthlutað í fyrra. Þessir tímar detta út. Voru hvort eð er ekki fullnýttir.

Einn stjórnandi fer út og það mun verða deildarstjóri.

Aðstoðarskólastjórar fóru út í fyrra.

Tveir kennarar fara í leyfi, annar í námsleyfi og hinn í launalaust leyfi í ár. Kennari sem fór út í fyrra kemur ekki aftur. Tveir fara á eftirlaun þegar leyfisþegar koma aftur. Þarf þess vegna ekki að segja upp kennurum. Fækkar ekki bekkjadeildum út af kennarastöðum. Í einhverjum tímum verða stærri hópar (t.d. tónmennt). Ef fækka þarf starfsfólki, eru kennarastöður að losna í öðrum skólum í Kópavogi, hægt að flytja til.

Vilji fyrir að taka út prófdaga t.d. á miðstigi og notast meira við símat. Nota frekar aukadaga fyrir kennara að aðstoða nemendur o.s.frv.

Skertir dagar: verður leyft að hafa 10 slíka daga. Núna er t.d. skólasetning, foreldraviðtalsdagar, litlu jól o.fl. Ekki möguleiki á að hafa marga prófdaga.

Engin niðurskurður í kennslu. Engin niðurskurður í sérkennslu. Forfallakennsla helst að mestu, verður ekki í unglingadeild.

Skólaliðar; fjölgað nemendum per skólaliða. Þar sem skólinn okkar er fjölmennur, er talað um að taka út 1,8 stöðugildi. Minni þríf fyrir vikið en gæslan helst. Ein sem fer í barneignaleyfi og önnur vegna veikinda. Verður því lítil breyting þar.

Húsvörðir; Annar húsvörðurinn látinn fara. Mikil mótmæli þar því að það er ekki að ganga upp. Verið að skoða betur. Foreldrar munu mótmæla ef úr þessu verður. Verður að opna skólana 7:30 báðum

megin, moka frá báðum megin og hafa gæslu frá 7:30-8:00. Þarf að fá mann í yfirvinnu til að það gangi, enginn sparnaður þegar upp er staðið.

Matráður; hálfst stöðugildi sem fer í hvoru húsi. Vilji fyrir að elda á staðnum, þar sem aðkeyptur matur er mikið dýrari. Verið að reyna að fá það í gegn að hálfst stöðugildi verði fyrir skólann í heildina. Verið að skoða hagstæða leið í þessum málum.

Almenn umræða um skólastarfið

Mikill vilji er fyrir að útbúa könnun, fyrir nemendur og foreldra, varðandi matinn. Fá þeirra álit á matinum og það svo notað fyrir frekari ákvarðanir varðandi mötuneytismál. Þessi hugmynd verður viðruð við nemendaráð.

Líðan starfsfólks orðin nokkuð góð, samvinnan góð. Mikið betri samhugur í dag miðað við í haust. 138 starfsmenn. Verið er að leggja meira upp úr hópefli starfsmanna, það gleymdist aðeins í haust.

Ennþá aðeins munur á kennsluaðferðum milli kennara innan árgangs. Kennarar eru að vinna í að samræma sig betur.

Skólapúlsinn notaður í Álfhólsskóla. Tekið úrtak einu sinni í mánuði, og þannig hægt að finna út hvaða einstaklingar eru að koma illa út. Hægt að bregðast strax við því.

Samræmdu prófin; Unglingar á elsta stigi komu mjög illa út í lesskilningi. Mörg sem voru að greinast með lesblindu, verið að vinna með þessa krakka. Samræmdu prófin komu vel út fyrir utan lesskilning. Enska og stærðfræðin kom mjög vel út. Nota samræmdu prófin til að reyna að bæta skólastarfið.

Íslenska: skoðað í 4., 7. og 10. bekk. Litið á lesskilning, lestur, málfræði, ritun. Nemendum var kennt á hugtakakort fyrir nokkru síðan. Tekið eftir að þeir notuðu það í samræmdu prófunum. Skilaði sér með mjög góðum árangri.

Niðurstöður samræmdu prófanna koma fram í fréttabréfi. Reynt að taka strax á málum. Gerðar einkunnaskýrslur nemenda, þær bornar saman milli ára. Ef lækkun þá leitað að ástæðu.

Sameiningarferli; Ennþá í gangi. Verið að samræma. Skólastjóri hvattur til að koma með fréttabréf um hvar sameiningaferlið stendur. Verið að skipuleggja stefnumótunardag. Stjórnin vill fá að vita hvað kom út úr stefnumótunardeginum síðasta. Skólastjórnendur eru með skjal frá stefnumótunardeginum í fyrra. Verið að fara eftir því í skólastarfinu. Hafa verið að fara í gegnum skjalið og athuga hvað hægt var að framkvæma, hvað ekki. Skoðað er hvað starfsmenn voru ánægðir með og hvað ekki. Skólastjórnendur ætla að sjá til þess að hægt sé að nálgast þetta skjal á heimasíðunni.

Stefnumótunardagurinn verður 14.mars. Þetta er starfsdagur í skólanum, foreldrar velkomnir.

Verið er að leggja meiri áherslu á líðan barna. Stærri kannanir fara fram í haust, komast ekki yfir meira í bili.

Ábending kemur frá stjórn að athuga þurfi tungumálakunnáttu skólaliða Digranes-megin. Spurning um skipulagsbreytingu, þannig að skólaliðar sem geta talað ensku séu í unglingsdeild.

Öryggismál; Bæta lýsingu í kringum skóla. Ákveðið að hafa gangaverði. Spurning með hraðahindrun til að byrja með við Álfaheiði. Koma þarf öryggisnefnd foreldra í tengsl við öryggisnefnd skólans. Verið að gera áhættumat. Rúnar Ívarsson talaði um skjal sem skrifað var undir varðandi öryggismál í fyrra. Nálkast þarf skjalið. Athuga að benda starfsmönnum Hjalla megin á, að leggja ekki upp við leikskólann Efstahjalla.

Dægradvöl; komið á framfæri kvörtunum um skipulag þar inni. Áætlað var að byggja við skólann og dægradvölin átti að fara þar inn. Búið að fresta því um ár. Þarf að bæta skipulagið í dægradvölinni, þarf líka að huga að starfinu sem fer þar fram, ekki bara húsnæðinu.

Menntasvið; Íþróttir, menntun og annað komið undir sama hatt. Kannski tækifæri á breytingum. Hugmynd um að koma á heilsdagsskóla þar sem tónlist, íþróttir og fleira, yrði innan skóladags. Búa til ráð með stjórnanda, foreldri, fulltrúi frá HK og fleira.

Þurfum að halda fund með kennararáði, skólaráði, foreldrafélagi, nemendaráði.

Öskudagur; Skólinn ætlar að taka þann dag að sér. Íþróttaviðburðir og köttur sleginn úr tunnunni. Foreldrafélagið skaffi smá bland í poka til að gefa. Spurning um að fá einn fulltrúa úr stjórninni til að vera með í skipulaginu og koma með hugmyndir.

Árshátíð elsta stigs; Verið að tala um að hafa hana vikuna fyrir eða tveimur vikum fyrir páska.

Námsskrá er til fyrir öll stig, þarf bara að setja hana inn. Vantar aðeins upp á í stærðfræðinni og enskunni hjá 7.bekk.

Búið að fá húsnæðismál á hreint fyrir bekkjafulltrúa, bæði fyrir foreldrafundi og bekkjakvöld. Þarf að gera verklagsreglur og senda á bekkjafulltrúa. Komin svör frá báðum skólastjórum, þarf að koma því til skila. Minnsta málið að koma fyrir kvöldmat, erfiðara ef þarf að ræsa út starfsmenn frá skólanum á kvöldin.

Stjórnarfundur

Karen tekur að sér að setja saman verklagsreglur um húsnæðismálin og senda á bekkjafulltrúa. Karen, Hildur og Særún taka að sér að læsa skólanum Digranes-megin þegar bekkjarkvöld eru án kennara og eftir foreldrafundi.

Sendum pósta á bekkjarfulltrúa um að upplýsingar og gögn séu komnar á heimasíðuna, gögn sem við höfum unnið með. Látum linkinn á heimasíðuna þar sem gögnin liggja.

Lagður fyrir tékklisti vegna funda sem við þurfum að boða til. Listinn samþykktur.

Ákveðið að fá Sólveigu inn í stjórn í staðinn fyrir Reyni.

Ákveða dagsetningu fyrir aðalfund á næsta fundi. Þurfum að lesa yfir löginn sem voru samþykkt á síðasta aðalfundi. Mynda okkur skoðanir um breytingu á lögnum. Þurfum að ákveða hvernig kosnir eru fulltrúar inn í skólaráð. Skoðum hvort þurfi að ákveða einhverjar verklagsreglur ef kjósa þarf milli einstaklinga, ef til kemur að margir bjóða sig fram í ákveðnar stöður.

Aðstandendalisti ennþá í vinnslu.